

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar, nr. 748/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 62. gr. samþykktarinnar:

1. 8. töluliður í B-hluta greinarinnar verður svohljóðandi: *Menningar- og nýsköpunarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í menningar- og nýsköpunarnefnd. Hlutverk hennar er m.a. mörkun stefnu í menningar- og nýsköpunarmálum. Þá ber nefndin ábyrgð á málefnum safna, nýsköpun í sveitarfélaginu og samskiptum við tengda aðila. Nefndinni ber að vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt og fer með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
2. 3. töluliður í C-hluta greinarinnar fellur brott og breytist númer annarra töluliða í samræmi við það.
3. 2. töluliður í b-lið F-hluta greinarinnar verður svohljóðandi: *Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga*. Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga og eftir tilnefningu menningar- og nýsköpunarnefndar skipar bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í stjórn safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
4. 3. töluliður í b-lið F-hluta greinarinnar verður svohljóðandi: *Stjórn Sjóminjasafns Austurlands*. Bæjarstjórn skipar fulltrúa í stjórn Sjóminjasafns Austurlands samkvæmt stofnsamningi þess og eftir tilnefningu menningar- og nýsköpunarnefndar.
5. 4. töluliður um stjórn *Smíðju- og sjóminjasafns Jósafats Hinrikssonar* fellur brott og breytist númer annarra töluliða í samræmi við það.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 23. nóvember 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.